



FUNDARGERÐ

243. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 24. febrúar 2025
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Eggert Valur Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Tómas Birgir Magnússon, Valtýr Valtýsson, Einar Bárðarson, Jón G. Valgeirsson og Anton Kári Halldórsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Nanna sat fundinn í fjarfundi.

Dagskrá:

1. Ýmsar upplýsingar úr daglegum rekstri - 2502036

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað um ýmis mál tengdum rekstri SOR.

2. Framkvæmdastjóri Sorpstöð Rang. - Auglýsing - 2502028

Farið var yfir þrjú tilboð frá ráðningarstofum vegna ráðningar framkvæmdastjóra SOR. Þá var farið yfir drög að auglýsingu vegna ráðningar framkvæmdastjóra.

Stjórn leggur til að samnið verði við lægstbjóðanda ráðningarstofuna Mögnum. Stjórnarformanni falið að ganga til samninga og láta auglýsa starfið.

Samþykkt samhljóða.

3. Starfslýsingar Sorpstöð Rang. - Endurskoðun - 2502029

Lagðar voru fram starfslýsingar starfsmanna SOR til kynningar. Ragnhildur hjá Rögn ráðgjöf hefur hafið störf við endurskoðun á starfslýsingunum og uppsetningu skipurits fyrir starfsseminna.

4. Þjónustusamningur Sorpstöð og Rangárþing ytra - Endurskoðun - 2502030

Lagður fram til kynningar þjónustusamningur SOR við Rangárþing ytra. Skoða þarf samninginn m.t.t. endurskoðunar samþykktu og skipurits.

5. Samþykktir Sorpstöð Rang. - Endurskoðun - 2402056

Á fundinn mætir Steinunn Erla Kolbeinsdóttir frá Lögmönnum Suðurlandi í fjarfundi og og farið var yfir ýmis atriði sem þarf að skoða við endurskoðun á samþykktum SOR. Steinunn mun leggja fram drög að breytingum á samþykktum SOR.

6. Fundargerðabækur - tillaga um að leggja notkun þeirra niður - 2501014

Lögð var fram tillaga að skoðað verði SOR bs hætti að nota fundargerðarbækur til að skrá niður fundarsókn.

Lagt til að hætt verði að nota fundargerðarbækur til staðfesta fundarsókn en haldið verði áfram að nota trúnaðarmálabækur.

Samþykkt samhljóða.

Næsti stjórnarfundur SOR verður haldinn mánudaginn 17. mars kl. 16:00.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00.



Eggert Valur Guðmundsson

Nanna Jónsdóttir



Tómas Birgir Magnússon

